

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar
vegna miðbæjarsvæðis (M1).

Skipulagsstofnun staðfesti 25. mars 2022 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem samþykkt var í bæjarstjórn 9. mars 2022.

Breytingin nær til miðsvæðis M1 og felur í sér að stefna um að allt rými á jarðhæð í miðbænum verði nýtt fyrir verslun, veitingahús og þjónustu eigi einungis við byggð við Fjarðargötu, Strandgötu og Linnetsstíg upp að gatnamótum Austurgötu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 25. mars 2022.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

—————

B-deild – Útgáfudagur: 8. apríl 2022